

Reykjavík 2. mars 2020

Neyðarstjórn velferðarsviðs hefur flokkað og áhættumetið alla starfsstaði velferðarsviðs í A, B og C-flokk eftir því hversu útsettir einstaklingar eru fyrir smiti og afleiðingum þess.

Meðfylgjandi eru skilgreiningar fyrir þessa flokka og til hvaða sérstöku aðgerða skal gripið varðandi íbúa/þjónustupega sem starfar á þessum stöðum. Einnig verða unnar álíka leiðbeiningar fyrir starfsfólk þessara staða.

Starfsstöðvar A

Skilgreining: Mikið fatlaðir einstaklingar og aðrir þjónustupegar sem eru með alvarlega sjúkdóma og/eða undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma. Eru viðkvæmir fyrir sýkingum og geta orðið lífshættulega veikir ef þau smitast af Covid-19.

Þessir starfsstaðir hafa verið skilgreindir vegna Covid-19-veiru í flokki A vegna þess að þar búa mjög fatlaðir einstaklingar og aðrir sem eru með alvarlega sjúkdóma og/eða undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma, viðkvæmir fyrir sýkingum og geta orðið lífshættulega veikir ef þeir smitast af Covid-19. Forstöðumönnum og stjórnendum eru bent á að fylgjast með almennum fyrirmælum og heimasíðu landlæknis: <https://www.landlaeknir.is/>. Ef íbúar veikjast af **Covid-19** eða **almennri flensu**, er stefnt að því að viðkomandi fái alla þá þjónustu sem hann þarf heim hjá sér, s.s. heimahjúkrun og aðra þjónustu. Lagt er upp með að viðkomandi einstaklingur dvelji heima hjá sér eins lengi og kostur er. Farið verður í að tryggja lækniþjónustu heim til viðkomandi eins og þörf er á.

Starfsstöðvar B

Skilgreining: Einstaklingar sem ekki eru með þekkta undirliggjandi sjúkdóma eða skert/ viðkvæmt ónæmiskerfi. Forstöðumenn sem stýra þessum einingum bera ábyrgð á að tilkynna til neyðarstjórnar ef íbúar/þjónustupegar hafa undirliggjandi sjúkdóma eða heilsufarsleg vandamál sem gera þá viðkvæmari fyrir smiti.

Starfsstöðvar C

Skilgreining: Aðrir íbúar/þjónustupegar sem eru líkamlega hraustir einstaklingar. Forstöðumenn sem stýra þessum einingum bera ábyrgð á að tilkynna til neyðarstjórnar ef íbúar/þjónustupegar hafa undirliggjandi sjúkdóma eða heilsufarsleg vandamál sem gera þá viðkvæmari fyrir smiti.